

Keppnisreglugerð Bridgesambands Íslands vegna Íslandsmótsins í sveitakeppni árið 2022

1. Almenn ákvæði

1.1 Gildissvið

Vegna takmarkana á spilamennsku vegna COVID faraldurs ákvað ársþing BSÍ að Íslandsmót í sveitakeppni skuli opið öllum sveitum er þess óska. Reglugerðin gildir einungis vegna Íslandsmóts í sveitakeppni 2022. Að öðru leyti en því sem tilgreint er hér að neðan gildir eldri keppnisreglugerð BSÍ og/eða lög BSÍ eftir því sem við á.

2. Sveitakeppni 2022

2.1 Keppnisfyrirkomulag.

Íslandsmót í sveitakeppni er spilað í tveimur áföngum: undanúrslit og úrslit.

2.3 Undanúrslit.

- Undanúrslitin eru opin öllum sveitum er uppfylla almenn skilyrði til spilamennsku á mótum innan vébanda BSÍ.
- Undanúrslitin verða spiluð dagana 18.-20. mars. Tekið skal við skráningu sveita til og með fimmtudagsins 17. mars. Við skráningu skal tilgreina a.m.k. 4 spilara.
- Í undanúrslitum er keppt um 12 sæti í úrslitum.
- Spilaðir skulu 12 leikir sem hver og einn er 12 spil að lengd.
- Spilað er eftir Monrad fyrirkomulagi.
- Í fyrstu umferð er dregið um andstæðing. Í öðrum umferðum er raðað eftir Monrad fyrirkomulagi og gildir staðan eins og hún er þegar 10 mínútur eru eftir af umferðinni á undan.
- 12 efstu sveitirnar að loknum 12 umferðum vinna sér rétt til þátttöku í úrslitum.
- Verði sveitir innan jafnar skal úrskurða sæti á eftirtalinn hátt:
 1. Samanlagður fjöldi stiga þeirra sveita sem hver sveit spilaði gegn.
 2. Innbyrðis viðureign í IMP stigum
 3. Fjöldi unninna leikja (IMP mismunur) – Jafntefli er hálfur vinningur
 4. Hlutkesti.
- Ef sveit sem ávinnur sér rétt til að spila í úrslitum en afsalar sér honum, þá flyst rétturinn til sveitarinnar í næsta sæti fyrir neðan. Ef sú sveit afsalar sér réttinum, þá flyst rétturinn til þeirrar sveitar sem er næst þar fyrir neðan o.s.frv.

2.4 Úrslit.

Í úrslitum skal spila raðkeppni, allir við alla, 16 spila leiki. Að því loknu halda 4 efstu sveitirnar áfram og spila raðkeppni, 16 spila leiki. Sú sveit sem flest stig hlýtur í öllum leikjum telst sigurvegari.

Séu 4 eða 6 sveitir í úrslitum skal spila allir við alla, tvöfalda umferð. 32 eða 20 spila leiki.

Spilað er með skermum nema mótisstjórn ákveði annað.

Verði sveitir jafnar, skal úrskurða sigurvegara samkvæmt því greint er á um í kefla 2.3 hér að ofan nema að ekki skal notast við hlutkesti, heldur bráðabana. 1 spil í einu. IMP stigaútreikningur.

3. Gildisákvæði

Keppnisreglugerð þessi er í samræmi við samþykktir þings Bridgesambands Íslands, 20. febrúar 2022 og gildir einungis fyrir Íslandsmót í sveitakeppni 2022.